

Albanía á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skoða ber lög og reglur og lagalega starfshætti landsins og að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum og úrræði séu til staðar ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt útlendingalögum er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til flýtimeðferðar en sérstakt mat á því og málsatvikum fer ávallt fram.

Á árunum 2005-2011 sóttu 15 einstaklingar frá Albaníu um hæli á Íslandi. Frá árinu 2012 hafa 135 einstaklingar frá Albaníu sótt um hæli á Íslandi. Flestar umsóknir eru byggðar á blóðhefnardardeilu, heilbrigðiskerfi landsins eða bágu efnahagsástandi. Í yfirgnæfandi fjölda tilfella á síðustu þremur árum hafa umsóknir verið tilhæfulausar eða fyrir hendi hefur verið fullnægjandi aðstoð eða úrræði í Albaníu. Engum umsækjanda frá Albaníu hefur verið veitt hæli á Íslandi á s.l. 5 árum. Rúmlega 94% umsækjanda hafa kært niðurstöðu Útlendingastofnunar en innanríkisráðuneytið/kærunefnd útlendingamála hafa staðfest allar ákvarðanir á sama tímabili.

Ríkið Albanía er sett á lista stofnunarinnar yfir örugg ríki vegna eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda í Albaníu kveða á um að Albanía sé lýðræðisríki og þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt í Albaníu.
 - (a) Líf og frelsi borgara landsins er ekki í hættu vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnmálaskoðana.
 - (b) Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er virtur.
 - (c) Meginreglan um bann við að senda fólk þangað sem það er í lífshættu, í samræmi við Genfarsáttmálann, er virt.¹²
2. Í Albaníu er fullnægjandi lögregluvernd til staðar. Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir réttinda albanskra borgara með ágætum, sem felur í sér rannsókn, ákæru og refsingu fyrir glæpi sem framdir eru í landinu. Eftirfylgni við hverslags brot gegn refsilöggjöf er góð. Frumskilyrði er að umsækjandi hafi aðgang að slíku verndarkerfi og er það raunin í Albaníu, en allir íbúar hafa aðgang að kerfinu.³
3. Albanía hefur staðfest fjölmarga alþjóðasamninga um verndun mannréttinda, t.d. mannréttindasáttmála Evrópu⁴, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi⁵ og samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu⁶.
4. Ríkisborgarar Albaníu hafa notið ferðafrelsis innan Evrópu frá 15. desember 2010 og í október 2013 mælti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með að Albanía fengi stöðu umsóknaraðila að Evrópusambandinu. Í júní 2014 var samþykkt að Albanía fengi framangreinda stöðu en til þess að hún sé veitt þarf ríki að uppfylla ríkar kröfur til mannréttinda.⁷

¹ <http://www.state.gov/documents/organization/236704.pdf>

² http://www.wipo.int/wipolex/en/text.jsp?file_id=224105

³ https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/456081/cig__albania_augu_st_2015.pdf

⁴ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994062.html>

⁵ <http://www.althingi.is/lagas/134/1979010.2c3.html>

⁶ <http://www.althingi.is/lagas/134/1996019.html>

⁷ http://eeas.europa.eu/albania/index_en.htm

Mörg önnur Evrópuríki hafa sett Albaníu á lista yfir örugg ríki, t.d. Frakkland, Austurríki, Danmörk, Lúxemborg og Belgía. Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Albanía á þeim lista.⁸

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram mat á aðstæðum í hverju máli. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til viðeigandi upplýsinga á hverjum tíma og það eitt að hælisleitandi sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 28. september 2015

⁸ http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf.